

**Ed.**

**457. Frumvarp til laga**

**[251. mál]**

um breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðni. Aðeins má láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni. Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfu.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Fyrirtæki og einstaklingar, sem um getur í 1. til og með 5. tl. 1. mgr. 5. gr. mega einir láta úti og selja eiturefni. Fyrirtæki, sem talin eru upp í 2. tl. mega einungis selja eiturefni svo fremi, að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra eða séu hluti af birgðum eiturefna, sem flutt hafa verið inn í eigin þarfir fyrirtækjanna. Heimilt er að selja á frjálsum markaði varning, sem inniheldur tiltekin eiturefni, enda skal þá gæta fyrirmæla, er lúta að þessu og sett verða í reglugerð skv. 16. gr. Auglýsa skal sérstaklega slíkar undanþágur frá 5. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi við birtingu.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp það sem hér liggur frammi er flutt skv. tillögu eiturefnanefndar, sem starfar skv. lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni og að höfðu samráði við landlækni. Um frumvarpið er þetta helst að segja:

Í gildandi lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 með síðari breytingum segir í 6. gr. 2. mgr. eftirfarandi: „Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðni. Láta má úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni ef um er að ræða efni, sem talin eru á lista I en þrisvar sinnum ef um er að ræða efni, sem eru talin á lista II. Eiturbeiðnir gilda í eitt ár frá útgáfudegi.“

Til skýringa skal þess getið að á lista I er að finna sterk eiturefni; sterkt eitur, en á lista II er að finna eitur, sbr. nánar reglugerð nr. 455/1978, um flokkun eiturefna og hættulegra efna. Að fenginni reynslu af framkvæmd laga um eiturefni og hættuleg efni er ljóst að takmarka beri útgáfu eiturbeiðna svo sem frekar er kostur og að leggja beri áherslu á að fækka afgreiðslum skv. þeim, ekki síst sé um að ræða sterk eiturefni og önnur eiturefni. Breyting sú sem hér er lögð til á lögum um eiturefni og hættuleg efni er hliðstæð við þau fyrirmæli sem er að finna í lyfjalögum nr. 49/1978, þ.e.a.s. að láta lyfseðla einungis gilda eina afgreiðslu.

Í gildandi lögum er önnur setning 2. mgr. 7. gr. svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem talin eru í 2. tl. mega einungis selja eiturefni svo fremi, að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra“. Reynslan hefur sýnt svo ekki verður um villst að nauðsyn gæti borið til að fyrirtæki er flytja inn eiturefni á lista II til eigin þarfa sé einnig heimilt að selja öðrum af birgðum sínum. Þessi breyting miðar því þannig að því að auðvelda

mönnum og fyrirtækjum, er lögmæta þörf hafa á eiturefnum og leyfi hafa til að kaupa þau og nota, að afla efnanna. Með hertu eftirliti með innflutningi eiturefna á lista II eftir útkomu reglugerðar nr. 59/1983, um breyting á reglugerð nr. 455/1975, um eftirlit með framkvæmd á ákvæðum laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, þykir nauðsynlegt að gera þessa breytingu á lögnum.